



Stefnumörkun 2024

Lögreglan á Austurlandi

Samantekt og ábyrgð

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
1.1. Helstu tölur ársins 2023 miðað við markmið/spá sama árs	3
2. Markmið.....	4
3. Hugmyndafræði	4
4. Framtíðarsýn	4
5. Stefna / áherslur	5
5.1. Samvinna og samskipti	5
5.2. Innra starf	5
5.3. Afbrot og verkefni.....	6
Umferðarmál	6
Fíkniefnamál	6
Eftirlit með útlendingum.....	7
Heimilisofbeldi	7
Landamæraeftirlit.....	7
Almannavarnir - náttúruvá.....	7
Hálendiseftirlit	8
6. Markmið/viðmið embættisins fyrir árið 2024.....	9
Þjónusta - öryggi.....	9
Samstarf	9
Greining og skráning brota og verkefna	10
Sýnileg löggæsla.....	11
Frumkvæðislöggæsla	11
7. Eftirfylgni /umbætur	12
Fylgiskjal – fjöldi skráðra brota og verkefna.....	13

1. Inngangur

Frá árinu 2020 hefur lögreglan á Austurlandi birt stefnumörkun til næstu tólf mánaða. Stefnumörkunina hefur lögreglan byggt á reynslu fyrri ára, þeim markmiðum sem sett hafa verið, áherslum og niðurstöðum. Stefnan hefur verið kynnt opinberlega með það að markmiði meðal annars að störf lögreglunnar verði sýnileg og gefi kost á skoðanaskiptum og samtali um það hvert beri að stefna. Í þessum anda hefur stefnan og verið kynnt helstu samstarfsaðilum fyrir útgáfu og í drögum.

Lykilmarkmið embættisins er að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa. Því markmiði telur lögreglan sig geta náð með því að vinna eftir skýrri hugmyndafræði og stefnu sem á henni byggir.


Helstu áhersluatriði lögreglunnar á Austurlandi, þau sem hún telur best gagnast við að ná lykilmarkmiðum sínum, er samstarf við hagsmunaaðila, sýnileg löggæsla, faglegar og skilvirkar rannsóknir, markviss greining gagna og regluleg upplýsingamiðlun.


Lögregla hefur átt afar góða samvinnu við sveitarfélög á svæðinu, í samræmi meðal annars við ákvæði 12. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, og barnavernd. Lögreglan stefnir að því að efla það samstarf enn með auknu samtali við skólastjórnendur umdæmisins í samræmi við forvarnarstefnu embættisins, nemendur þeirra og kennara. Þá stefnir lögreglan að öfluglu og góðu samtali við félagasamtök, atvinnulíf og ekki síst íbúa umdæmisins með það leiðarljósi að samvinna og samstarf sé best til þess fallið að gera gott samfélag enn betra.

Afbrotavarnir eru samfélagslegt viðfangsefni þar sem allir hafa hlutverk og bera ábyrgð.

1.1. Helstu tölur ársins 2023 miðað við markmið/spá sama árs

Á meðfylgjandi súluritum má sjá markmið/spár ársins 2023 (grænar súlur) sem kynntar voru í byrjun árs 2023 í samanburði við niðurstöður árána 2018 til 2023 (bláar súlur). (Sjá einnig kafla 6 og fylgiskjal, sem og stefnu LAL 2023; [Stefnumörkun lögreglunnar á Austurlandi árið 2023 | Lögreglan \(logreglan.is\)](#))





Af 17 skráðum heimilisófriðarmálum (sjá mynd hér að ofan) eru þrettán þeirra skráð sem ofbeldisbrot eða 76%. Rétt um helmingur skráðra ofbeldisbrota hjá embættinu árið 2023 tengist heimilisófriði; áttökum milli skyldra og tengdra.

2. Markmið

Lögreglan á Austurlandi stefnir að því að veita bestu þjónustu við íbúa sem völa er á. Það gerir hún með markvissum aðgerðum til fækkunar brota og slysa, ekki síst í samstarfi við hagsmunaaðila.

Þannig nái lögreglan því lykilmarkmiði að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa og þeirra sem starfa og dvelja í umdæminu.

3. Hugmyndafræði

Lögreglan á Austurlandi telur að með áherslu á innra starf og viðvarandi umbótavinnu, sem og með -

- ✓ áframhaldandi þróun á samstarfi við stofnanir, félagasamtök, atvinnulíf og íbúa á svæðinu,
- ✓ faglegri tölfræðilegri greiningu á tíðni og þróun tiltekinnna brota og verkefna sem gefa góða vísbendingu um stöðu mála almennt og ekki síst markvissra viðbragða í tíma ef markmið/viðmið eru ekki að ganga eftir,
- ✓ sýnileika hvar sem honum verður við komið, svo sem í íbúðahverfum og út á vegum, á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum,
- ✓ markvissri forvarnavinnu í samvinnu við starfsfólk skóla í umdæminu í samræmi við forvarnarstefnu embættisins,
- ✓ markvissri frumkvæðisvinnu í umferðarmálum og öðru eftirliti sem lögreglu tilheyrir og
- ✓ góðri þjálfun og menntun lögreglumanna

- megi tryggja gæði löggæslunnar og þjónustu hennar við íbúa.

4. Framtíðarsýn

Að lögreglan á Austurlandi verði ávallt tilbúin að takast á við verkefni sín af styrk, fagmennsku og innan setts tímaramma. Þannig verði starfsemi hennar og þjónusta hnökralaus og af bestu gæðum.

5. Stefna / áherslur

5.1. Samvinna og samskipti

Lögreglan á Austurlandi lítur svo á að samvinna við hagsmunaaðila sé lykilþáttur í að ná markmiðum er varða öryggi íbúa og öryggistilfinningu. Lögreglan stefnir að áframhaldandi góðu samstarfi við stjórnendur sveitarfélaga, félagsþjónustu og barnavernd. Aðrar einingar og stofnanir sem teljast til lykilsamstarfsaðila embættisins eru slökkviliðin tvö í umdæminu, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi og Veðurstofa Íslands, Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), Vegagerðin, Rauði krossinn og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra en góð samskipti skipta miklu þegar kemur að samvinnu, ekki síst við krefjandi aðstæður vegna náttúruvár eins og ítrekað hafa komið upp á Austurlandi síðustu ár.

Gott samstarf verði tryggt með því að fara reglulega yfir sameiginlega snertifleti og úrbóta leitað þar sem þeirra er þörf.

Lögreglan á Austurlandi mun leggja áherslu á samvinnu og samtal við stjórnendur í skólum umdæmisins, nemendur þeirra og kennara. Lögreglan stefnir og að markvissri samvinnu við atvinnulífið, þau öflugum fyrirtæki og stofnanir sem starfa í umdæminu. Markmiðið er að auka skilning á verkefnum og áherslum hvers annars, áskorunum sem við er að etja og leita sameiginlegra lausna.

Þá verði áhersla lögð á virkt samstarf og samtal við íbúa á svæðinu, með reglulegri upplýsingamiðlun á heimasíðu lögreglu, á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum, en einnig með því að gefa kost á beinu samtali hvar sem því verður við komið, svo sem á fundum félaga- og íbúasamtaka.

5.2. Innra starf

Lögreglan á Austurlandi býr að miklum mannauði sem mikilvægt er að hlúa að. Það verður meðal annars gert með áherslu á menntun og þjálfun starfsmanna, en sökum landfræðilegrar staðsetningar embættisins þar sem langt er í bjargir er mikilvægt að starfsmenn þess geti tekist á við öll verkefni sem upp koma. Þjálfunarstefna embættisins var til að mynda mörkuð í þessu skyni fyrir nokkru.

Það er hverju embætti mikilvægt að vera með menntaða lögreglumenn í starfi. Þar er embættið á rétttri leið og stefnir í að á næsta ári verði ríflega 80% starfsmanna með tilskilin réttindi til starfans. Þá er lögð áhersla á að starfsmenn eigi ávallt þess kost að sækja önnur námskeið sem gagnast í starfi, hvort heldur þau sem boðið er upp á hjá Menntasetri lögreglu, MSL, eða annarsstaðar.

Markvisst hefur verið unnið í að efla samvinnu deilda og eininga innan embættisins til að styrkja það sem eina heild. Starfsmenn hafa þannig hist reglulega þar sem áherslur og markmið eru meðal annars rýnd og þess þá freistað sameiginlega að gera ráðstafanir þar sem þeirra er þörf. Með sama markmið í huga er upplýsingum og deilt markvisst og reglulega til starfsmanna um það hvað efst er á baugi innan embættisins hverju sinni.

Góður tækjabúnaður er nauðsynlegur lögreglu, að hann sé af bestu gerð, tiltækur þegar þörf er á og kunnátta til staðar við notkun hans. Öflugt starfsfólk lögreglu, framsækið og vel menntað á mjög mörgum sviðum hefur sýnt mikinn metnað til að tryggja þetta. Þannig hefur lögreglu nú yfir að ráða tveimur flygildum sem hafa komið sér vel við krefjandi almannavarnaverkefni og fullbúinn tækjabíll til nota við landamæralöggæslu verður tekinn í notkun í vor. Þá hefur verið tekin í notkun ný aðstaða á Egilsstöðum fyrir aðgerðastjórn með nýjum tækjabúnaði



sem nýtist vel ef almannavarnarástand skapast á Austurlandi. Áfram verður haldið á þeirri braut að tryggja að búnaður lögreglu og þjálfun lögreglumanna verði eins og best verður á kosið.

Mikið mæðir jafnan á rannsóknardeild embættisins sem tekst á við flest þau stóru mál sem upp koma í umdæminu. Lögreglurannsóknir eru sífellt að verða flóknari og viðameiri með aukinni tækni sem kallar á margskonar sérþekkingu rannsóknarlögreglumanna.


Nýverið var fjölgað um einn í deildinni vegna aukins umfangs til að tryggja áframhaldandi gæði þjónustunnar og málshraða. Þá hafa rannsóknir að hluta hvílt á starfsmönnum í almennri deild embættisins, undir yfirstjórn rannsóknardeildar. Slík verkaskipting hefur gefist vel. Áfram verður haldið á þeirri braut með það að markmiði að tryggja málshraða, fjölbreytni og gæði starfsins og starfseminnar.

Leiðarljós í samskiptum er virðing, trúnaður, kurteisi og heiðarleiki.

5.3. Afbrot og verkefni

Umferðarmál

Umferðarslysum í umdæmi lögreglunnar á Austurlandi fækkaði mikið milli ára 2018 og 2019. Umferðarpungi var á sama tíma svipaður milli ára samkvæmt tölum Vegagerðarinnar (sjá bleika línu á grafi). Slysum fækkaði svo áfram milli ára 2019 og 2020 en á sama tíma þau ár dróst umferðarpungi saman einnig, á Covid tímum. Umferð hefur svo aukist smám saman og slysum fjölgað einnig í svipuðu hlutfalli (sjá fjölda skráða umferðaslysa á bláum súlum á grafi hér til hliðar). Lögregla mun áfram stefna markvisst að því að ná niður ökuhraða og brýna fyrir öikumönnum aðgæslu í hvívetna, meðal annars með upplýsingamiðlun til íbúa um áherslur hennar í umferðarmálum hverju sinni og hvert þær beinast, auk þess að safna og deila upplýsingum um slysaástæði og orsakir slysa svo sem efni standa til.



Lögregla stefnir sem fyrr að því að vera sýnileg á völdum stöðum og tímum og að beinum afskiptum þar sem þeirra er þörf.

Stefnt er að áframhaldandi góðu samstarfi við veghaldara; sveitarfélög og Vegagerðina með það fyrir augum meðal annars að leita uppi svokallaða svartbletti vegakerfisins með úrbætur í huga og að fækka slysum.

Fíkniefnamál

Ekki þarf að orðlengja þann skaða sem hlotist getur af neyslu ólöglegra vímuefna. Lögreglan á Austurlandi mun því sem fyrr leggja áherslu á öflugt eftirlit með fíkniefnamisferli hverskonar, vörslu efna, neyslu og ekki síst sölu og innflutning. Í því felst m.a. að hratt sé brugðist við ábendingum um brot og að rannsóknir slíkra mála gangi hratt og vel.

Stefnt er að áframhaldandi öfluggu eftirliti á landamærum í samstarfi við tollgæslu til að koma í veg fyrir innflutning ólöglegra vímuefna, hvort heldur með flugi eða frá sjó.

Eftirlit með útlendingum

Erlendum ríkisborgurum sem dvelja og starfa hér á landi hefur fjölgað síðustu ár, einnig hér á Austurlandi. Lögreglan hefur eftirlitsskyldu með útlendingum að lögum sem miðar meðal annars að því að kanna heimild erlendra ríkisborgara til dvalar hér á landi og atvinnu. Það er áhersluatriði lögreglunnar á Austurlandi að slíkar heimildir séu ávallt kannaðar þegar afskipti eru höfð af einstaklingum með erlent ríkisfang. Þá stefnir lögreglan á Austurlandi að virku vinnustaðaeftirliti í samvinnu með öðrum stofnunum sem hafa eftirlitsskyldu með það að markmiði að fá mynd af stöðu dvalar- og atvinnuréttinda erlendra ríkisborgara í umdæminu og að gera viðeigandi ráðstafanir ef þörf krefur.

Heimilisofbeldi

Samstarf lögreglunnar á Austurlandi og barnavernd- og félagsþjónustu hefur verið öflugt og í samræmi við verklag ríkislögreglustjóra í málaflokknum. Áfram verður haldið á þeirri braut með það að markmiði ekki síst að stemma stigu við ofbeldisbrotum, en hátt hlutfall slíkra brota í umdæminu á sér stað milli skyldra og tengdra. Til mikils er því að vinna að vel takist til.

Landamæraeftirlit

Löggæsla á landamærum hefur verið stækkandi þáttur í starfsemi lögreglunnar á Austurlandi eftir því sem ferðamannaíðnaðurinn eflist; farþegaskipum sem hingað koma, fjölgar til að mynda á milli ára auk þess sem þau eru stærri og bera fleiri farþega. Einnig virðist millilandaflug vera að aukast inn á svæðið. Á sama tíma eru alþjóðlegar kröfur til lögreglu um eftirlit á landamærum að verða ríkari, starfsemin sérhæfðari og búnaður meiri og flóknari. Allt þetta kallar á aukna þjálfun lögreglumanna. Slík þjálfun hefur verið í gangi og mun fram haldið.

Almannavarnir - náttúruvá

Lögreglan á Austurlandi hefur verið í reglulegu og góðu samstarfi við lykilaðila er varða samhæfð viðbrögð og úrræði vegna hættu- og neyðarástands, hvort heldur innan umdæmis eða utan. Þar hafa unnið þétt saman fulltrúar sveitarfélaganna fjögurra í umdæminu, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi, Rauða krossins, slökkviliðanna tveggja, Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA), Vegagerðarinnar og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

Markmiðið er að tryggja snurðulausa framkvæmd aðgerða þegar náttúruvá ber að höndum eða hún yfirvofandi. Þá er einnig markmið að halda uppi markvissri þekkingu og þjálfun í málaflokknum og að haldnar verði reglulegar viðbragðsæfingar og markvissar greiningar á ástandi og horfum með tilliti til viðbragðsáætla.

Fjölmörg flókin verkefni fylgja auknum fjölda ferðamanna í fjórðungnum, en þeir eru til að mynda virkir í skoðunar-, útsýnis- og fjallaferðum sem eykur líkur á slysum og öðrum óförum sem getur valdið álagi



á innviði samfélagsins og krefst skipulags og samvinnu margra viðbragðsaðila. Þá eykst einnig hættu á gróðureldum með aukinni skógrækt og gróðursæld í umdæminu, svo sem í stórum og fjölmönnum sumarhúsabyggingum.

Til að bregðast við og ná þeim markmiðum sem að er stefnt, var verkefnastjóri ráðinn tímabundið á síðasta ári við almannavarnir í fjórðungnum. Reynslan af þeirri vinnu hefur verið afar góð og standa vonir til að framhald geti orðið á.

Hálendiseftirlit

Lögreglan á Austurlandi hefur sinnt reglubundnu hálendiseftirliti sem miðar að því að aðstoða og þjónusta þá fjölmörgu einstaklinga sem leita inn á hálendi Íslands í frístundum og til starfa. Lögreglan heldur og úti hefðbundnu lögreglueftirliti á hálendinu, svo sem við að fyrirbyggja akstur utan vega, eftirliti með vopnaburði og réttindum veiðimanna og fleira.

Kappkostað verður að halda þessu verkefni áfram og efla.

6. Markmið/viðmið embættisins fyrir árið 2024

Töluleg markmið/viðmið embættisins eru notuð til að greina breytingar í tilteknum lykilmálaflokkum með það að markmiði að leita skýringa og lausna þar sem þeirra er þörf, til að mynda ef áberandi breytingar til hins verra koma í ljós. Tölur eru rýndar mánaðarlega í því skyni.

Markmiðin/viðmiðin má finna hér á eftir sem og stutt mat lögreglu undir hverjum kafla á því hvernig þykir hafa tekist til á síðasta ári.

Þjónusta - öryggi

Markmið / viðmið	Mæling
Stefnt er að því að veita þeim sem búa, starfa og dvelja í umdæminu bestu mögulegu þjónustu í samræmi við hlutverk hennar og áherslur. Þannig setur hún markmið um að hlutfall þeirra sem telja lögregluna á Austurlandi skila góðu starfi verði ekki undir 90%.	Viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands til þjónustu og starfa lögreglu / Ríkislögreglustjórinn
Lögreglan á Austurlandi stefnir að því með störfum sínum að tryggja öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa starfa og dvelja í umdæminu. Þannig setur lögreglan á Austurlandi markmið um að hlutfall þeirra sem telja sig mjög eða frekar örugga í umdæminu verði ekki undir 95%.	Polendakönnun lögreglu (Reynsla landsmanna af afbrotum og öryggistilfinning íbúa /Ríkislögreglustjórinn.)

Markmið/viðmið hér að ofan eru hin sömu og á síðasta ári. Öll markmið/viðmið ársins 2023 gengu eftir.

Samstarf

Markmið / viðmið	Mæling
Stefnt er að áframhaldandi samstarfi við stofnanir á svæðinu, félagasamtök og fl. (Stjórnendur sveitarfélaga á svæðinu, félagsþjónustu og barnavernd en einnig slökkvilið í ljósi aðstæðna og náttúruvár hvers konar, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi, og Veðurstofu Íslands, Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), Vegagerðina, Rauða krossinn og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.)	Metið meðal samstarfsaðila í lok árs hvernig til hefur tekist. Greinargerð rituð í kjölfarið um það hvað gekk vel og hvað megi bæta.

Markmið/viðmið hér að ofan eru hin sömu og á síðasta ári. Það er mat lögreglu að þau hafi öll gengið nokkuð vel eftir á síðasta ári, en samstarf við nefnda aðila er í föstum skorðum en jafnt og þétt að eflast. Dæmi um það eru nýir fastir fundir milli lögreglu, Vegagerðarinnar og björgunarsveita í aðdraganda vetrar.

Á síðasta ári var stofnað til svæðisbundins samráðs um öruggara Austurland, það fyrsta á landinu. [Svæðisbundið samráð um öruggara Austurland | Lögreglan \(logreglan.is\)](https://logreglan.is)

Greining og skráning brota og verkefna

Markmið / viðmið	Mæling
Fylgst verði með tegund og tíðni hegningarlaga brota eins og auðgunarbrota, eignarspjalla og ofbeldisbrota (Gert ráð fyrir að hegningarlaga brot verði ekki fleiri en þau voru að meðaltali árin 2019 til 2023. Meðaltalið er 115 brot.)	Lögreglukerfið LÖKE
Fylgst verði með þróun skráðra umferðarslysa. (Gert ráð fyrir að umferðarslys verði nálægt meðaltali áráanna 2019 til 2023, eða 40 talsins.)	Lögreglukerfið LÖKE
Fylgst verði með þróun skráðra heimilisofbeldismála, en vonast er til, með markvissri vinnu við að koma í veg fyrir ítrekuð brot, að skráð mál verði ekki fleiri en að meðaltali árin 2020 til 2023, eða 24 talsins.	Lögreglukerfið LÖKE
Fylgst verði með þróun í fjölda/hlutfalli barna og ungmenna sem segjast hafa notað vímogjafa borið saman við sambærilegar tölur síðustu ára. Markmiðið er að þar verði ekki um fjölgun að ræða.	Rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir og greining (R&G)

Svo sem sjá má í kafla 1.1 eru skráð hegningarlaga brot heldur fleiri en spár sögðu til um. Munar þar einna mest um fjölgun ofbeldisbrota og eignarspjalla milli ára. Þau brot voru hins vegar, á árinu 2022, tiltölulega fá í sögulegu samhengi. Viðmið þessa árs er meðaltal áráanna 2019 til 2023, eða 115 brot. (Sjá annars fylgiskjal.)

Skráð umferðarslys voru svipuð að fjölda árið 2023 og gert var ráð fyrir í stefnumörkun embættisins það ár.

Heimilisofbeldismálum hefur fækkað frá árinu 2021. Gert er ráð fyrir að þau verði ekki fleiri en á síðasta ári, en þá voru þau 17 talsins.

Fjöldi/hlutfall ungmenna sem neyta vímogjafa samkvæmt tölum Rannsóknar og greiningar er svipað milli ára. Viðmið þar á þessu ári því óbreytt.

Sýnileg löggæsla

Markmið / viðmið	Mæling
Að tryggja sýnileika lögreglu og nálægð við íbúa með auknu eftirliti almennt, sérstaklega við skóla og á fjölförnum vegum og vegarköflum þar sem slys hafa verið tíð. Markmiðið er að slíku eftirliti verði sinnt og það skráð eigi sjaldnar en sem nemur skráningu síðasta árs, eða 359 skráningar.	Skráning í LÖKE, „sýnilegt eftirlit“
Reglulegar upplýsingar um áherslur lögreglu hverju sinni og þróun brota og verkefna skráðar reglulega á vefmiðla lögreglu, eigi sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti. (Heimasíða og samfélagsmiðlar.)	Fjöldi skráninga lögreglu á netmiðla í tengslum við þetta verkefni
Að hlutfall íbúa sem sjá lögreglumann eða lögreglubíl á sínu svæði oftast en einu sinni í viku samkvæmt viðhorfskönnun verði ekki undir 70%	Viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands til þjónustu og starfa lögreglu

Þau markmið/viðmið sem fram koma í þessum kafla náðust á síðasta ári. Sérstaka ánægju vekur, í ljósi þess m.a. hversu víðfeðmt umdæmið er og lögreglumenn tiltölulega fáir í samanburði, að yfir 70% íbúa sjá lögreglubíl á sínu svæði oftast en einu sinni í viku líkt og markmið gerðu ráð fyrir.

Sambærileg markmið/viðmið eru sett fyrir árið 2024 og voru 2023.

Frumkvæðislöggæsla

Markmið / viðmið	Mæling
Gert ráð fyrir að skráð umferðarlagabrot verði svipuð að fjölda og þau voru að meðaltali á árunum 2019 til 2023, eða 1433 brot.	Lögreglukerfið LÖKE
Gert ráð fyrir svipuðum fjölda fíkniefnabrota og þau voru að meðaltali árin 2019 til 2022, eða 35.	Lögreglukerfið LÖKE
Skilvirkir eftirlit með dvalar- og atvinnuréttindum erlendra ríkisborgara. Tölur lögreglu um fjölda uppfléttinga í SIS eftirlitskerfi Schengen verði kannaðar reglulega og vinnustaðaheimsóknir verði ekki færri en ein að jafnaði á mánuði eða 12 á árinu.	RLS / Lögreglukerfið LÖKE

Gert var ráð fyrir að skráð umferðarlagabrot 2023 yrðu svipuð að fjölda og síðustu ár, miðað við sambærilegan þunga í eftirliti lögreglu. Gekk það nokkurn veginn eftir. Viðmið þessa árs gera ráð fyrir að umferðarlagabrot verði svipuð að fjölda og þau voru að meðaltali árin 2019 til 2023, eða 1433 talsins.

Fíkniefnabrot voru talsvert færri en markmið/spá síðasta árs gerði ráð fyrir. Þeim fækkaði úr þrjátíu og fimm skráðum brotum árið 2022 í tuttugu brot 2023. Skýringarinnar kann að vera að leita í því að nýr fíkniefnahundur kom til embættisins á síðasta ári og var í þjálfun það ár. Gert er ráð fyrir að mál þessa árs verði svipuð að fjölda og sem nemur meðaltali árána 2019 til 2023 eða 35 talsins.

Enn er gert ráð fyrir öflugum eftirliti á þessu ári með dvalar- og atvinnuréttindum erlendra ríkisborgara í umdæminu.

7. Eftirfylgni /umbætur





Lögreglan á Austurlandi mun kynna megin niðurstöður er varða þróun brota og valinna verkefna sem nefnd eru í kafla sex hér að framan, á heimasíðu lögreglunnar, samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum í byrjun næsta árs.

Lögreglan á Austurlandi mun og freista þess í ársbyrjun 2024 að hitta samstarfsaðila með það að markmiði að fara yfir og bæta það sem betur má fara og efla það sem vel er gert. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu í febrúar.

Þá mun umbótahópur, sem allir starfandi lögreglumenn á svæðinu heyra til, koma saman eigi síðar en í janúar á næsta ári og rýna stefnumörkunina. Markmiðið er að meta hvernig til tókst og ákveða næstu skref.

Fylgiskjal – fjöldi skráðra brota og verkefna

Meðfylgjandi eru helstu tölur lögreglunnar á Austurlandi um skráð brot og verkefni árið 2023, bornar að sambærilegum tölum síðustu ára. Um bráðabirgðatölur er að ræða.



„Lögreglan stefnir að því að veita bestu þjónustu við íbúa sem völ er á. Það gerir hún með markvissum aðgerðum til fækkunar brota og slysa, meðal annars í samstarfi við hagsmunadila í umdæminu. Þannig nái hún því lykilmarki að auka öryggi og öryggisfinningu íbúa og þeirra sem starfa og dvelja í umdæminu.“ (Úr stefnu embættisins árið 2023.)


Leiðarljós í samskiptum er virðing, trúnaður, kurteisi og heiðarleiki.

Umferðarlagabrot



Skráð umferðarlagabrot eru svipuð að fjölda í fyrra og að meðaltali árin 2018 til 2022.

Hraðakstur



Flest umferðarlagabrot eru v. hraðaksturs og þróun og tölur því sambærilegar

Ölvun við akstur



Skráður meðalfjöldi brota vegna ölvunaraksturs 2015 til 2022 eru 23 brot. Skráðum brotum fjölgaði nokkuð frá árinu 2022 en eru jafn mörg og 2021

Fíkniefnaakstur



Skráður meðalfjöldi brota v. fíkniefnaaksturs á árunum 2018 til 2022 eru 16. Fá brot voru skráð 2018 og 2021 sem hefur áhrif á meðaltalið.

Sviptingarakstur - réttindaleyssi




Skráður meðalfjöldi brota v. réttindaleyssi á árunum 2018 til 2022 eru 33. Skráð brot eru 37 á síðasta ári. Ekki er að sjá miklar breytingar í fjölda frá árinu 2015.

Umferðarslys - vísitala meðalumferðar




Umferðarslysum fjölgar nokkuð frá 2019 í samræmi við aukningu umferðar. Slysum hefur þó fækkað talsvert frá því sem þau voru á árunum 2008 til 2018.

Fíkniefnamál



Meðalfjöldi skráðra fíkniefnabrota frá 2018 til 2022 er 34. Tölur 2023 því fremur lágur. Brotum v. fíkniefnaaksturs þó fjölgað lítillega. (Sjá hér að ofan.)

Heimilisófriðar



Skráðum málum v. heimilisófriðar hefur fækkað allt frá árinu 2019 til 2023. (Skráningum var breytt árið 2019 og tölur fyrir þann tíma ekki sambærilegar.)